



Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
1. tbl. 8. árg. Miðvikudagur 4. janúar 2017

Gleðilegt nýtt ár elsku vinir og takk fyrir það gamla.
Ég ætla að skella mér til Las Vegas á námskeið og verð í fríi frá
10. janúar til og með 21. janúar. Er einnig farin að taka niður
pantanir fyrir þorrablótin. Endilega pantið tímanlega ☺
Hlakka til að sjá ykkur

Eygló Jónasdóttir
Sunnuvegur 10, bílskúr, Þórshöfn
Sími 867-7908



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 11. janúar 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.



Okkur er sönn ánægja að tilkynna lengri opnunartíma hjá Lyfju á Þórshöfn:

Mánudagur 10:00-16:00

Þriðjudagur 10:00-16:00

Miðvikudagur **Lokað**

Fimmtudagur 10:00-16:00

Föstudagur 10:00-16:00

Opnunartími á Kópaskeri:

Mánudagar og miðvikudagar 10-12

Þriðjudagar og föstudagar 10-12 og 13-16

Fimmtudagar **Lokað**

Þökkum viðskiptin á liðnu ári og óskum ykkur gleðilegs og farsæls komandi árs.

Nýárskveðja frá starfsmönnum Lyfju á Þórshöfn og Kópaskeri.

Framfarafélag Öxarfjarðar

18. janúar 2017

Framfarafélag Öxarfjarðar minnir á boðaðan Aðalfund 18. janúar næstkomandi. Fundurinn hefst 17:00 og er áætlað að hann standi til 18:00. Fundurinn verður í sal Grunnskólans í Öxarfirði, Lundi. Í kjölfarið á aðalfundinum verður haldin íbúafundur á vegum verkefnisins Öxarfjörður í sókn.

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir skýrðir
- Umræða um skýrslur og reikninga. Afgreiðsla reikninga
- Verkefni félagsins á næsta ári reifuð og tillögur lagðar fram
- Ákvörðun árgjalds
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda
- Önnur mál

Tvær tillögur bárust að lagabreytingu.

- 6. grein. Breyta fyrstu setningunni í „Aðalfund skal halda í síðasta lagi í apríl ár hvert“.
- 8. grein. Orðinu „Öxarfjarðarhrepps“ verði breytt í „Norðurþing“.

Það verður kosin ný stjórn á fundinum og fólk er hvatt til að gefa kost á sér. Hægt er að senda stjórninni póst á netfangið gummi@kopasker.is. Við vonumst til að sjá fólk allsstaðar að, af svæðinu og að fundurinn verði árangursríkur.

Kveðja stjórn Framfarafélags Öxarfjarðar



Íbúafundur Öxarfjarðar í sókn

18. janúar 2017

Verkefnið Öxarfjörður í sókn auglýsir íbúafund þann **18. janúar klukkan 18:00**. Fundarstaður er Grunnskólinn í Öxarfirði, Lundi. Fundurinn verður í kjölfarið á aðalfundi Framfarafélags Öxarfjarðar sem byrjar klukkan 17:00.

Á íbúafundinum verður farið yfir markmið og stöðu mála og verkefni kynnt sem hlutu styrki á árinu 2016.

Í skipulagi fundarins verður gert ráð fyrir umræðum, enda er þátttaka íbúa hornsteinn verkefnisins og lykilatriði í árangri.

Súpuhlé verður gert klukkan 19:00 til að fólk fari hresst og nært inn í seinnihluta fundarins. Vonumst til að sjá sem flesta.

Kveðja Silja Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri Öxarfjarðar í sókn

Öxarfjörður í sókn - Brothættar byggðir